

Sp.

89. Fyrirspurnir.

[86. mál]

I. Til kirkjumálaráðherra um fjölgun presta.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Auglýst hefur verið ný staða prests á Akureyri með umsóknarfresti til 15. nóvember. Er lagaheimild fyrir þessari stöðu?
2. Hvers vegna situr ekki í fyrirrúmi að fjölga prestum í Kópavogi, sem hefur töluvert fleiri íbúa en Akureyri?

II. Til iðnaðarráðherra um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 26. mars s. l. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum?